

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustusvæðis við Þrastarlund í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag þjónustusvæðis við Þrastarlund.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þjónustumiðstöð, byggingarreit fyrir síðari viðbætur við þjónustumiðstöð, sýningarsal og tveimur starfsmannahúsum. Einnig bílastæði og framtíðar bensínafgreiðslu.

Aðkoma að svæðinu er frá Biskupstungnabraut.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 31. mars 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Óseyrarbraut 16b og 18b.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Óseyrarbraut 16b og 18b í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að lóðirnar nr 16b og 18b við Óseyrarbraut á reit 5.4a verða sameinaðar í eina lóð: Óseyrarbraut 20. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Óseyrarbraut 8b.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Óseyrarbraut 8b í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að lóðinni nr 8b við Óseyrarbraut verður skipt í tvær lóðir, 8b og 8c við Óseyrarbraut. Eftir breytinguna verður lóð 8b 12.892 m² og lóð 8c verður 3867,6 m². Byggingarreitur lóðar 8c er stækkaður til austurs, en nýtingarhlutfall lóðar er 0,4. Aðkoma að lóð 8c verður frá Suðurbakka. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. mars 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.